



Alþingi, nefndasvið  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

## BARNAVERNDARSTOFA

Reykjavík, mánudagur, 2. nóvember 2020  
Tilvísun: 2020020053/33

### Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003 (kynrænt sjálfræði), 204. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 22. október sl., þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003 (kynrænt sjálfræði), 204. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um frumvarpið.

Stofan telur að frumvarp þetta feli í sér réttarbot og lýsir yfir ánægju sinni með efni þess. Mælir stofan því með að frumvarpið verði samþykkt.

Barnaverndarstofa veitir allsherjar- og menntamálanefnd fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á og er reiðubúin að mæta á fundar nefndarinnar sé þess óskað.

Virgjónsdóttir  
f.h. Barnaverndarstofu  
  
Heiða Björg Pálmadóttir

Heiða Björg Pálmadóttir  
forstjóri Barnaverndarstofu



**KVENRÉTTINDAFÉLAG  
ÍSLANDS**  
STOFNAÐ 1907

5. nóvember 2020  
Hallveigarstöðum, Reykjavík

**Efni: Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003 (kynrænt sjálfræði). Þingskjal 205, 204. mál, 151. löggjafarþing.**

Kvenréttindafélag Íslands styður þetta frumvarp til laga um breytingu á barnalögum sem bætir við nýjum ákvæðum sem mæla fyrir um foreldrastöðu trans fólks og einstaklinga með hlutlausu kynskráningu. Breytingarnar miða að því að tryggja réttindi foreldra sem breytt hafa skráningu kyns og gera þá jafnsetta öðrum foreldrum..

Í stefnuskrá Kvenréttindafélagsins segir:

*Við höfum öll grundvallarrétt til lífs og líkama. Kvenréttindafélag Íslands beitir sér fyrir því að tryggja ákvörðunarrétt fólks yfir eigin líkama.*

Þetta frumvarp er skref í átt til þess að tryggja þennan grundvallarrétt til lífs og líkama, skref í áttina að tryggja sjálfsákvörðunarrétt kynjanna allra yfir eigin líkama

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir  
frankvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands



**Viðtakandi:** Alþingi nefndasvið

**Sendandi:** Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar, Svandís Anna Sigurðardóttir

---

**Efni:** *Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003 (kynrænt sjálfræði), 204. mál*

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar fagnar því að verið sé að breyta barnalögum nr. 76/2003 og þannig samræma þau við þann veruleika sem þegar er til staðar, þ.e. að trans fólk hefur alltaf átt börn og um leið viðurkenna stöðu trans fólks sem foreldra.

Álit starfshópsins sem samdi frumvarpið um að rétt væri að stefna að því að barnalögin yrðu kynhlutlaus í framtíðinni er jákvætt og er það miður að ekki var ráðist í slíka breytingu núna. Ljóst er að barnalögin verða þar með áfram einu skrefi á eftir veruleikanum.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa gerir hins vegar alvarlegar athugasemdir við að ekki séu gerðar breytingar á 6. gr. barnalaga og við ákvæði 5. gr. og 6. gr. a laganna (4. gr. og 6. gr. frumvarpsins) sem bæði viðhalda og auka við þá mismunun sem hinsegin foreldrar upplifa. Heppilegra hefði verið að breyta 2. gr. barnalaga þannig að einstaklingur sem elur barn sem og sambúðar- eða hjúskaparmaki hans verði sjálfkrafa skráðir foreldrar barnsins, óháð barneignarleiðum og kyni, kynvitund eða kynhneigð viðkomandi.

Hugmyndirnar sem liggja að baki ofangreindum lagagreinum sem viðhalda mismuninni eru útskýrðar í greinargerð með frumvarpinu og verður hún því ávörpuð hér.

Þrátt fyrir að talað sé um breytingar og fjölbreytni fjölskylduforma er ljóst að enn er haldið í „hefðbundnar hugmyndir um fjölskyldu sem grunneiningu sem samanstandi af karli og konu sem eignast saman börn“ eins og fram kemur í greinargerð og þar með í mismunun í garð þeirra sem falla ekki að þessum hugmyndum. Í greinargerðinni er fjallað sérstaklega um óvissu sem gæti skapast ef tvær konur eignast barn án tæknifrjógungunar og kemur fram að „Krafan um möguleika á líffræðilegum tengslum við þessar aðstæður er í beinu samhengi við rétt barns til að þekkja uppruna sinn.“ Hér er erfitt að lesa annað en að vantraust gildi í þeirra garð. Það afhjúpar mismununina sem er fléttuð inn í lögin að einungis er sjónum beint að tveimur konum í þessu samhengi, en síð gagnkynja þör njóta áfram vafans.

Í greinargerð segir að pater est reglan (nú parens est) sem liggur að baki 2. gr. barnalaga gerir það þó einnig að verkum að „Foreldrastaða ræðst þá einnig af sambandi manns við einstaklinginn sem gengur með og elur barnið óháð því hvort hann lagði til kynfrumu eða ekki“. Ekki verður annað

séð en að kyn, kynvitund og kynhneigð foreldra ráði því hvort foreldrastaða þeirra sé viðurkennd við fæðingu, en ekki líffræðileg tengsl.

Það er því gerð alvarleg athugasemd við hugmyndirnar sem liggja að baki barnalögum og því vannýttta tækifæri til að breyta 2 .gr. og 6.gr. lagana sem og við 4. og 5. gr. frumvarpsins og gera þar með út um þá beinu mismunun og vantraust sem ríkir í garð hinsegin foreldra.

Með nýjum lagagreinum (4. gr. og 5 gr. frumvarpsins) og með því að breyta ekki núverandi lögum er ríkjandi mismunin í garð síð samkynja para yfirfærð yfir á trans fólk sem ekki hefur líffræðileg tengsl við börnin sín. Um leið er þversögn í lögum þegar litið er til 2. mgr. 8. gr. laga nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði: „Einstaklingur sem hefur breytt opinberri skráningu kyns síns nýtur allra þeirra réttinda að lögum sem skráð kyn ber með sér.“ Trans karlar njóta hins vegar ekki sömu réttinda í barnalögum og síð karlar. Þá verður ekki séð hvernig lögunum verður framfylgt varðandi vitneskju um kynskráningu fólks og hvort það hefur lagt til kynfrumur við barneignir eða ekki, sérstaklega með tilliti til friðhelgi einkalífsins og persónuverndar.

Ábendingar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu eru ekki nýjar af nálinni en þingsályktun var samþykkt árið 2017 sem hljóðaði svo: „Alþingi ályktar að fela samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra í samráði við dómsmálaráðherra að sjá til þess að tryggt verði að jafnræði ríki með foreldrum barna með tilliti til skráningar foreldratengsla í þjóðskrá og afnumin verði sú mismunun sem nú á sér stað gagnvart mæðrum í samkynja hjúskap eða sambúð.“ Einnig voru umsagnir Samtakanna '78 og Trans Íslands um drög að frumvarpinu í samráðsgátt stjórnvalda með svipuðu móti. Það vekur furðu að ekki hafi verið tekið mið af þessum sjónarmiðum sem og þingsályktuninni, en í greinargerð er einungis bent á möguleika ráðherra um að útfæra foreldraskráningu í reglugerð til þess að hún verði með aðgengilegum hætti, mismununinni verður þó viðhaldið í lögum.

Því ítrekar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa að nú sé fádæma tækifæri til þess að gera út um þessa mismunun í stað þess að yfirfæra hana á fleiri.

Anna Kristinsdóttir

mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar

## Umsögn: Breyting á barnalögum (breytt kynskráning foreldra)

### Í hnotskurn:

- Samtökin '78 fagna frumvarpinu, enda þjónar það þeim tilgangi að tryggja réttindi trans foreldra
- Frumvarpið lögfestir þó mismunun gegn trans feðrum við skráningu foreldratengsla
- Hér er kjörið tækifæri til að leiðrétta barnalög þannig að þau samræmist veruleika hinsegin foreldra og fjölskyldna þeirra, en það gerir frumvarpið því miður ekki

### Umsögnin í heild:

Samtökin '78 - félag hinsegin fólks á Íslandi fagna því að í frumvarpi til breytingar á barnalögum sé réttarstaða trans foreldra, þeirra sem hafa breytt kynskráningu sinni og þeirra sem hafa hlutlausa kynskráningu, tryggð. Þetta er mikið fagnaðarefni og mikilvægt skref í átt að jafnrétti, auk þess að uppfylla þær kröfur um breytingar sem lög um kynrænt sjálfræði kveða á um.

Þrátt fyrir það verður fulls jafnræðis í foreldraskráningu ekki gætt verði frumvarpið að lögum, þar sem frumvarpið færir fleiri hópa fólks undir ákvæði laga sem mismuna fólki eftir sambandsformi.

Samkvæmt núgildandi lögum er konum í samkynja hjúskap sem eignast barn skylt að skila inn vottorði þess efnis að barnið hafi verið getið með tæknifrjóvgun til þess að sú móðir sem ekki ól barnið verði skráð foreldri þess (nú loks móðir skv. frumvarpinu). Þetta á hins vegar ekki við um gagnkynja pör í hjúskap sem eignast börn með gjafasæði, en þar fær pater est reglan að trompa rétt barna til þess að þekkja líffræðilegan uppruna sinn - enda gerir Þjóðskrá ekki kröfu um að gagnkynja pör skili inn sérstöku vottorði þess efnis að börn þeirra séu getin með tæknifrjóvgun. Þarna er m.ö.o. augljós mismunun í tilhögun skráningar foreldratengsla, sem virðist aðallega byggð á vantrausti í garð hinsegin para og kristallast í niðurlægjandi bréfasendingum til núbakaðra foreldra. Það er skref í rétta átt að gert er ráð fyrir því að taka eigi tilhögun þessarar skráningar til skoðunar, sbr. 7.gr. frumvarpsins, en við hefðum viljað sjá róttækari breytingar.

Í greinargerð frumvarpsins er nokkuð rætt um rétt barna til þess að þekkja líffræðilegan uppruna sinn og er það sú röksemd sem notuð er til þess að réttlæta þá mismunun sem sambúðarmakar eða hjón í samkynja samböndum búa við þegar kemur að foreldraskráningu. Í frumvarpinu er þess vegna lagt til að hin nýja og kynhlutlausa parens est regla gildi um foreldraviðurkenningu þeirra sem hafa breytt kynskráningu sinni, en þetta eigi þó "einungis við ef upphafleg kynskráning útilokar ekki líffræðileg tengsl makans við barnið". Samtökin '78 benda á að barn sem verður til við þessar aðstæður getur sannarlega verið líffræðilega tengt því foreldri

sem ekki gengur með barnið og því ekkert útilokað í þeim efnum. Til dæmis hlýtur trans karl sem gefur sís konu sinni egg eða sís kona sem gefur sís konu sinni egg að teljast líffræðilega tengd börnum sínum. Hér ná lögin einfaldlega ekki utan um tilvik þar sem t.d. sk. millimakagjöf á eggjum hefur verið gerð, ekki frekar en nógildandi lög.

Samtökin '78 gera alvarlegar athugasemdir við það að upplýsingar um fyrri kynskráningu trans fólks eigi að nota til þess að útvíkka þá mismunun sem viðgengist hefur gagnvart þörum tveggja kvenna, þannig að mismununin nái einnig til trans karla. Þetta frumvarp gerur það að verkum að trans karl sem eignast barn með konu sinni þyrfti að gera sérstaklega grein fyrir notkun á gjafasæði en skv. nógildandi lögum er það ekki krafa. Eðlilegra hefði verið að trans feður fengju að njóta jafnra réttinda á við aðra karla og að pater est reglan fengi þá að gilda í þeirra tilvikum líka, eins og hefur verið raunin undanfarin ár án vandræða. Einnig væri það í samræmi við lög um kynrænt sjálfræði, en þar segir: "Einstaklingur sem hefur breytt opinberri skráningu kyns síns nýtur allra þeirra réttinda að lögum sem skráð kyn ber með sér."


Það er líka umhugsunarvert að halda eigi utan um breyttar kynskráningar fólks og þar með upplýsingar um líffræðileg einkenni og ætlaða frjósemi trans einstaklinga til þess að reyna að skera úr um erfðafræðilegan uppruna barna. Teljum við það samsvara því að ríkið tæki upp á því að safna markvisst upplýsingum um sís karla í frjósemisvanda og gerði þeim svo að sýna fram á tæknifrjóvgun skyldu konur þeirra ala barn. Einnig setjum við spurningarmerki við það að lagt sé til að upplýsingum um fyrri kynskráningu verði haldið til haga af Þjóðskrár svo börn geti nálgast þær síðar. Hér verður að spyrja hvort Þjóðskrár haldi, eins og staðan er í dag, utan um upplýsingar um alla foreldra sem þurfa að nýta gjafafrumur til þess að eignast börn. Ef ekki, þá skýtur þetta afar skökku við.

Samtökin '78 hvetja stjórnvöld til þess að hætta að reyna að elta veruleikann með æ flóknara lagaumhverfi og breyta lögnum einfaldlega þannig að maki eða sambúðarmaki einstaklings sem elur barn verði sjálfkrafa foreldri, faðir eða móðir barnsins (í samræmi við kynskráningu), án þess að skila þurfi inn sérstöku vottorði um að tæknifrjóvgunarmedferð hafi verið þegin. Það myndi gæta jafnræðis meðal foreldra og tryggja hinsegin foreldrum sama rétt og öðrum foreldrum. Einnig telja Samtökin '78 það mikilvægt að foreldrar séu rétt skráðir strax við fæðingu, enda er það hagsmunamál barnsins.

Að lokum vilja Samtökin '78 óska allsherjar- og menntamálanefnd velfarnaðar og um leið beinum við því til nefndarinnar að Samtökin '78 eru reiðubúin að koma fyrir nefndina til að rökstyðja umsögn okkar ásamt því að svara spurningum nefndarfólks.

Fyrir hönd Samtakanna '78,

  
Daníel E. Arnarsson, framkvæmdastjóri

  
Þorbjörg Þorvaldsdóttir, formaður

Trans Ísland, félag trans fólks á Íslandi  
27.08.2020  
Kt. 4911070650  
Suðurgata 3, 101 Reykjavík

Reykjavík,

**Tilfni: Mál nr. 141/2020. Umsögn um breytingar á barnalögum (breytt kynskráning foreldra)**

Trans Ísland var stofnað árið 2007 hefur staðið vörð um réttindi trans fólks í hvívetna, bæði í félagslegum sem og lagalegum skilningi. Félagið spilaði lykilhlutverk við gerð fyrri laga er snéru að réttindum trans fólks, þ.e. lög um réttindi einstaklinga með kynáttunarvanda 57/2012 sem hafa nú fallið úr gildi, og einnig í nýjum lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019, en frumvarpshópurinn var að stóru leyti leiddur af grasrótar hreyfingum hinsegin samfélagsins.

Félagið fagnar því mikilvæga skrefi að foreldri með hlutlausa kynskráningu hljóti viðurkenningu í barnalögum sem foreldri, og að sömuleiðis séu trans körlum og trans konum gert kleift að vera skráð í samræmi við kynvitund og vilja hvers og eins. Trans foreldrar eru í mikilli sérstöðu og er mikilvægt að réttur þeirra sé tryggður með afgerandi hætti eins og nefndin hefur lagt til hér.

Til eru dæmi erlendis þar sem trans fólki hefur verið neitað að vera viðurkennt í samræmi við kynvitund sem foreldri sem hefur leitt til erfiðrar og fordómafullrar samfélagslegrar umræðu. Trans Ísland fagnar því þessum breytingum og telur að Íslandi muni vera í fararbroddi í þessum málefnum og jafnframt vera fordæmisgefandi fyrir önnur ríki sem vilja tryggja trans fólk jöfn réttindi sem foreldrar.

Trans Ísland telur það jákvætt að frumvarpshópur telur að það eigi að stefna að því að gera barnalög kynhlutlaus í framtíðinni, en harmar að ekki var ráðist í slíkar breytingar nú. Það hefði verið kjörið tækifæri til þess að breyta lögum fyllilega í samræmi við anda

laga um kynrænt sjálfræði. Barnalög munu því halda áfram að vera einu skrefi á eftir þeim veruleika sem við búum við sem samfélag.

Trans Ísland vill einnig gera alvarlegar athugasemdir við að ekki sé gengið lengra í breytingum á barnalögum, og öllum foreldrum tryggður réttur gagnvart barneignum. Við leggjum því til að löggin verði einfölduð til að koma í veg fyrir frekari mismunun. Eins og barnalög standa í dag þá er tveimur konum sem undirgangast tæknifrjóvgun skylt að skila inn vottorði til Þjóðskrár að barnið hafi verið getið með gjafasæði, en hið sama gildir ekki um karl og konu sem eignast barn í gegnum tæknifrjóvgun með aðstoð gjafasæðis. Kona sem er í sambúð með annari konu, sem elur barnið, er því ekki sjálfkrafa skráð móðir barnsins. Núgildandi lög kveða einnig á um að ef ekki er farið eftir formlegum leiðum um tæknifrjóvgun er þess krafist að barnið sé feðrað og önnur móðir þess getur ekki verið skráð sem móðir barns sem hún eignast. Árið 2017 var samþykkt þingsályktunartillaga á Alþingi með öllum greiddum atkvæðum þar sem kveðið var á um að þetta væri mismunun gagnvart lögum sem þarfnaðist breytinga. Ekki hafa verið gerðar breytingar á núgildandi lögum til að leiðrétta þessa mismunun.

Fyrirhugaðar breytingar nefndar í barnalögum í ljósi kynræðs sjálfræðis leysir heldur ekki þessa mismunun af hólmi, heldur breyta einfaldlega formi hennar. Breytingarnar gera það því að verkum að ef tveir einstaklingar sem ekki geta átt líffræðilega barn saman án aðkomu gjafasæðis, hvort sem það er í fortíð, nútíð eða framtíð, verði að skila inn vottorði til að sanna að gjafasæði hafi verið notað. Þetta þýðir því að ef tveir einstaklingar sem voru upprunalega báðir skráðir sem konur í Þjóðskrá kjósa að eignast barn þá þurfi þau að tilkynna að tæknifrjóvgun hafi átt sér stað með gjafasæði, eða að barnið sé feðrað af sæðisgjafa ef ekki var farið eftir formlegum leiðum. Til dæmis myndi þetta lögfasta nýja mismunun í garð trans karla. Samkvæmt núgildandi lögum þarf kona sem fæðir barn og á eiginmann sem er trans karl ekki að gera sérstaklega grein fyrir notkun sinni á gjafasæði, rétt eins og gildir ef eiginmaðurinn er karl sem ekki er trans. Með breytingunum sem frumvarpið felur í sér yrði þessum foreldrum skylt að gera grein



fyrir notkun á gjafasæði eins og um tvær konur væri að ræða. Sætu því ekki allir feður við sama borð.

Hér er því verið að skipta út mismunun í garð tveggja kvenna (sem er til staðar í núgildandi lögum, burtséð frá upphaflegri kynskráningu) og innleiða í staðinn mismunun í garð tveggja einstaklinga sem upphaflega voru skráð konur (burtséð frá núverandi kynskráningu). Ekki fæst séð að þetta sé í samræmi við anda og markmið þingsályktunartillögunnar frá 2017. Einnig er mismunun sem þessi, milli fólks með sömu núverandi kynskráningu, í þversögn við 8. gr. laga um kynrænt sjálfræði, sbr. 2. mgr.: „*Einstaklingur sem hefur breytt opinberri skráningu kyns síns nýtur allra þeirra réttinda að lögum sem skráð kyn ber með sér.*“

Því leggjum við til að maki eða sambúðarmaki einstaklings sem elur barn verði sjálfkrafa viðurkennd/ur/t sem foreldri/faðir/móðir barnsins í samræmi við núverandi kynskráningu viðkomandi, án þess að þurfa að skila inn vottorði til Þjóðskrár um að gjafasæði hafi verið notað. Þetta kemur í veg fyrir að viðvarandi mismunun gagnvart hinsegin foreldrum verði útvíkuð með þessum fyrirhuguðu breytingum.

Einnig má nefna að með því að viðurkenna maka/sambúðarmaka foreldris sem fæðir barn sjálfkrafa sem foreldri, myndi fækka þeim tilfellum þar sem bið verður á því að báðir foreldrar barns séu skráðir og viðurkenndir. Líkt og Samband íslenskra sveitarfélaga bendir á í umsögn sinni, getur bið eftir skráningu foreldra haft neikvæð áhrif á réttindi barns til að njóta samvista við báða foreldra í foreldraorlofi. Það er því öllum í hag að tryggja sem flestum börnum hnökralausa, sjálfkrafa skráningu á tengslum við báða foreldra.

F. h. Trans Íslands, félags trans fólks á Íslandi

Ugla Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir, formaður

María Helga Guðmundsdóttir, félagskona í Trans Íslandi





UMBOÐSMAÐUR  
BARNA

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík 2. nóvember 2020

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003 (kynrænt sjálfræði), 204. mál**

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 22. janúar sl., þar sem óskað var eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreint frumvarp.

Með frumvarpinu er lagt til að við barnalög verði bætt nýjum ákvæðum sem mæla fyrir um foreldrastöðu trans fólks og einstaklinga með hlutlausa kynskráningu. Breytingarnar miða að því að tryggja réttindi foreldra sem breytt hafa skráningu kyns og gera þá jafnsetta öðrum foreldrum. Þar sem lög um kynrænt sjálfræði heimila einstaklingum að hafa hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá þarf löggjöfin að taka mið af því en það á ekki síst við um foreldrareglur barnalaga. Þá miða breytingarnar einnig að því markmiði að samræma íslenska löggjöf þeim veruleika að transkarlar geta gengið með börn og transkonur geta getið börn.

Samkvæmt 7. gr. Barnasáttmálans, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, skal barn skráð þegar eftir fæðingu og á rétt til að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra. Þá ber aðildarríkjum Barnasáttmálans að skuldbinda sig til að virða rétt barns til að viðhalda því sem auðkennir það sem einstakling samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Að mati umboðsmanns barna ber stjórnvöldum þannig að tryggja að börn fái upplýsingar um uppruna sinn og að skráning foreldrastöðu endurspegli raunverulega stöðu foreldra gagnvart barni og sé ekki til þess fallin að mismuna fjölskyldum. Með hliðsjón af öllu framangreindu mælir því umboðsmaður barna með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllt,

Salvör Nordal,  
Umboðsmaður barna